

ANTIKA EHF.

Hlið á Álftanesi í Garðabæ

Uppgriftarskýrsla

Ragnheiður Traustadóttir og Sólrún Inga Traustadóttir

2016





Mynd 1. Draglóð með ógreinilegri áletrun, fundarnúmer 2015-5-300.

Forsíðumynd: Hlaðinn kjallari í byggingu [5]. Horft til vesturs.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir.

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)


Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN: 978-9935-9222-2-9

Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram.

© Antikva ehf, Ragnheiður Traustadóttir og Sólrún Inga Traustadóttir

*Álftnesingurinn úti liggur og aldrei sefur,
dregur það, sem drottinn gefur,
dyggðugur hann maðkinn grefur.¹*



Kort 1 Álftanes um 1870 kort, úr bókinni Sjósókn.

¹ Sjósókn 1945, bls. 174.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Markmið	6
Aðferðir	6
Uppgraftarsvæðið	7
Mannvirki [5]	8
Öskuhaugur [7] [1177][923] og [1237]-[2054]	11
Gripir	13
Leirker	14
Málmur	15
Gler	15
Steinn	16
Lífrænar leifar og dýrabein	17
Ritaðar heimildir um Hlið og umhverfi	17
Niðurstöður	23
Heimildaskrá	25
Viðaukar	26
Kort	26
Jarðlagaskrá	26
Flæðirit	26
Fundaskrá	26
Ljósmyndaskrá	26

Ljósmyndaskrá

Mynd 1. Draglóð með ógreinilegri áletrun, fundarnúmer 2015-5-300.....	1
Mynd 2 Kjallari og veggir.	8
Mynd 4 Ruslafylling [2412] í kjallara.	9
Mynd 3 Hlaðinn veggur í kjallara.....	9
Mynd 5 Botninn á ruslafyllingu [3266] í kjallara.	9
Mynd 6 Stöplaritið sýnir í hvaða jarðlögum gripir fundust.	10
Mynd 7 Veggjarfylling [3900] sýnir vel ruslalögin í veggnum.	10
Mynd 8 Veggjarleifar [4388].....	10
Mynd 9 Yfirlitsmynd af öskuhaugnum og hitaveituskurði sem sker hann.....	11
Mynd 10 Veggjarbrot [30]	12
Mynd 11 Veggjarbrot [31]	12
Mynd 12 Stöplaritið sýnir dreifingu gripa í mannvirkjum.	13
Mynd 13 Stöplaritið sýnir efnisflokka gripa.	13
Mynd 14 Hinir ýmsu gripir t.d. naglar, pottabrot, fötur, járnbrott og gjarðir.	13
Mynd 15 Stöplarit sem sýnir efnisflokkun á leirkerum.	14
Mynd 16 Sýnishorn af leirkerum sem fundust.	14
Mynd 17 Sýnishorn af járngrípum. Nokkrir önglar og hnífur.	15
Mynd 18 Flöskur, fundanr. 2015-5-261,262,263.	15
Mynd 19 Netakúla, fundanúmer 2015-5-249.	15
Mynd 20 Lyfjaglös fundanr. 2015-5-253,252,237,280.	15
Mynd 21 Draglóð 2015-5-300, sleggjur fundanúmer 2015-5-,206,349,350.....	16
Mynd 22 Brýni og tinnumoli lengst niðri til hægri.	16
Mynd 23 Eitt af húsunum á Hliði í dag ekki er um ræða forn hús heldur byggt í anda torfbæjar.	17
Mynd 24 Á loftmyndinni sést Melshöfði vel því það er stórfjara allar minjar eru horfnar.....	18
Mynd 25 Hliðsvarir. Ljósmynd Ómar Smári Ármannsson.	20
Mynd 26 Þetta draglóð má finna við húsinn í dag.	21

Kort

Kort 1 Álftanes um 1870 kort, úr bókinni Sjósókn.	2
Kort 2 Sýnir afstöðu Hliðs á Álftanesi í Garðabæ.	5
Kort 3 Uppgriftarsvæðin A og B.....	7
Kort 4 Kort sem sýnir jarðlög og veggi í mannvirki 5.....	8
Kort 5 Öskuhaugur [7] og jarðlaganúmer.....	11
Kort 6 Túnakort af Hlið frá 1917 sem sýnir bæjarstæðin Neðra Hlið, Efra Hlið og staðsetningu á tóftum Gamla Hliðs.....	22


Inngangur

Antikva ehf. var beðið um að taka að sér framkvæmdarannsókn fyrir landeiganda og Garðabæ vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Hliði á Álftanesi. Fornleifarannsókn fór því fram á lóð Jóhannesar Viðars Bjarnasonar að Hliði, 225 Álftanesi. Uppgrafterleyfi veitti Minjastofnun Íslands 30. júlí 2015 og fékk rannsóknin númerið 20150297 og safnnúmer hjá Þjóðminjasafni Íslands 2015-5.

Vettvangsrannsókn fór fram á tímabilinu 4. ágúst til 16. október 2015 undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur, MA í fornleifafræði. Uppgrafterstjóri var Sólrún Inga Traustadóttir, MA í hagnýtri menningarmiðlun og fornleifafræðingur. Lilja Laufey Davíðsdóttir, MA í landafræði og fornleifafræðingur, Nikola Trbojevic, doktorsnemi í fornleifafræði, og Þórdís Anna Hermannsdóttir, fornleifafræðingur, tóku einnig þátt í vettvangsvinnu. Jakob Sindri Þórsson, nemi í heimspeki, og Víglundur Jarl Þórsson, nemi, voru til aðstoðar við opnun uppgraftersvæðis. Jakob Sindri Þórsson hefur lesið yfir texta. Kjartan Matthías Antonsson frá Álftanesi og Jóhann Logason sáu um gröfuvinnu sem tók um 9 klst. Þjóðminjasafn Íslands sér um forvörslu á gripum.

Uppgröftur leiddi í ljós öskuhaug frá 19.-20. öld auk leifa af veggja og kjallara sem var steinhlaðinn. Kjallarinn var eftir notkun fylltur upp með rusli og grjóthleðslum úr byggingum á svæðinu. Í ljós komu ýmsir gripir frá 19. og 20. öld en þeir gripir sem ekki teljast til fornleifa voru grísaður úr á staðnum. Alls voru skráðir jarðfundnir gripir 365 talsins.

Höfundar vilja þakka landeigandanum, Jóhannesi Viðari Bjarnasyni og fjölskyldu, fyrir vinsemd, velvild og afnot af húsnæði á meðan vettvangsrannsókn fór fram.



Kort 2 Sýnir afstöðu Hliðs á Álftanesi í Garðabæ.

Markmið

Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka minjar á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda landeiganda á lóð sinni. Framkvæmdirnar eru liður í uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu og áætlað er að byggja þar smáhýsi sem leigð verða út til ferðamanna. Rannsókn á minjunum felur m.a. í sér að komast að aldri, gerð og staðsetningu ákveðinna mannvirkja í landinu, rýna í efnismenninguna sem og kynnast staðhættum og veðurfari til þess að skilja betur líf og lífsskilyrði ábúenda að Hliði fyrir á öldum.

Aðferðir

Notast var við einingaaðferðina (e. *single context recording*) sem hefur helst verið notuð við fornleifarannsóknir á Íslandi. Aðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag á svæðinu, hvort sem um er að ræða jarðlag, holu eða byggingarhluta, er skráð sem stök eining. Hver eining er síðan mæld upp með alstöð á vettvangi og fær hlaupandi númer. Hún er ljósmynduð og henni lýst á sérstökum skráningarblöðum. Í alstöðinni er hugbúnaður sem tengist gagnagrunninum og landupplýsingakerfinu *Intrasis* (e. *Intra-site Information System*, www.intrasis.com). *Intrasis* er hugbúnaður sem fornleifasvið Þjóðminjavörslunnar í Svíþjóð hannaði og hefur verktaki notað hann síðan 2003 og lagað að íslenskum aðstæðum. Í stuttu máli má segja að *Intrasis* haldi utan um allt sem viðkemur rannsókninni: Gripi, jarðlög, mannvirki, teikningar, ljósmyndir, upplýsingar um staðhætti, vinnuafli o.fl. Hugbúnaðurinn vinnur einnig með öðrum forritum, s.s. *ArcView*, *Microsoft Access* og *Excel* sem notuð eru til margvíslegra greininga.


Við uppgröftinn voru örfáir jarðfundnir gripir mældir inn með alstöð því að nákvæm staðsetning þeirra getur veitt ýmsar upplýsingar, s.s. um notkun húsanna sem þeir finnast í. Gripir eru ávallt tengdir við jarðlögin sem þeir finnast í úti á vettvangi um leið og þeir eru mældir inn. Þeir eru síðan skráðir í *Intrasis* með fundarnúmeri, stærð og þyngd, en nánari skráning fer svo fram við úrvinnslu þegar rannsókn á vettvangi er lokið og voru þá allir gripir skráðir í gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands, Sarp.

Uppgriftarsvæðið var sett inn í *Isnet* hnitakerfið og voru sett upp þrjú fastmerki af Halldóri M. Gunnarssyni frá Verkís.

Punktur 1: N 402732.002 A 351703.721 Hæð 6.028m

Punktur 2: N 402751.561 A 351683.705 Hæð 5.446m

Punktur 3: N 402659.381 A 351708.376 Hæð 2.976m




Kort 3 Uppgriftarsvæðin A og B.

Uppgriftarsvæðið

Framkvæmdasvæðin voru tvö og fengu bókstafina A og B. Gerðir voru tveir profuskurðir **[100]** á svæði A og **[101]** á svæði B vorið og byrjun sumars 2015 og greinilegar hleðslur, ásamt móöskulögum komu í ljós í skurði **[100]**. Það var því ljóst að frekari vettvangsrannsókn þyrfti að fara þar fram. Engar fornleifar komu í ljós í skurði **[101]**.

Uppgröftur hóst 4. ágúst 2015 og var grafið með hléum til 16. október. Svæðið var opnað með gröfu og handafli. Uppgriftarsvæðið afmarkast við það svæði sem ætlað er til framkvæmda af landeiganda og er 13 m þar sem lengst var og um 5 m á breiddina. Við uppgröftinn komu í ljós öskuhaugur **[7]** og steinhlaðinn kjallari **[5]** sem sást í profuskurði **[100]**, auk veggjabrota og torfveggja **[5]** sem tilheyrðu byggingum á Hliði sem hafa staðið ofan á kjallaranum. Töluvert af gripum, dýrabeinum og skeljum (aðallega bláskel) fundust í ruslafyllingum í kjallaranum og í mósöskulögum og ruslalögum úr öskuhaugnum sem náði yfir stóran hluta uppgriftarsvæðisins. Hitaveitu- og raflínuskurður **[115]** liggur í N-S sem raskar hluta minjanna.

Afar grunnt er á minjarnar en þær yngstu voru beint undir grasrót og aðeins er um 30 cm niður á náttúrulegan jarðveg á svæðinu þar sem grynnt er. Svæðið hefur verið sléttað út þegar núverandi byggingar og bílplan var gert.



Kort 4 Kort sem sýnir jarðlög og veggj í mannvirki 5.

Mannvirki [5]

Við uppgröftinn komu í ljós steinhlaðinn kjallari, veggjaleifar af byggingu og þykk móöskulög/öskuhaugur [923], [1177], [1237] og [2054]. Kjallarinn og veggjaleifarnar tilheyra sama mannvirki [5], en stefna þeirra er sú sama í landslaginu. Auk þessa fundust pinnahola með viðarleifum og steinaröð [30] sem hefur sennilegast tilheyrt sama mannvirki [5] og aðra veggjaleifar en er þó miklu verr hlaðin en hefur líka sömu stefnu og aðrir veggir.

Mannvirki [5] er staðsett á suðurhluta uppgriftarsvæðis en hitaveituskurður [115] raskar hleðslum þess í suðvestur- og norðvestur horni. Kjallarinn sem tilheyrir mannvirkinu er



Mynd 2 Kjallari og veggir.

steinhlaðinn, með sex lóðréttum steinaröðum og rúmlega metri á hæð, er (nánast) ferhyrndur og um 2,50 m x 1,90 m að innramáli.

Hann hefur verið niðurgrafin í náttúrulegan malarkamb eða hæð til norðurs, en í afar lífrænum eða mýrkenndum náttúrulegum jarðvegi til vesturs auk þess að vera grafin inn í ruslalög úr öskuhaugnum [7].

Innri veggir kjallarans [35] eru heilir og einsleitir en ytri veggjalína [34] sem hefur tilheyrt mannvirki [5] inniheldur aðeins eina steinaröð

sem hefur verið lögð á malarkambinn norðanverðan og fyllt inn í með samskonar rusli og er að finna í öskuhaugnum sem er staðsettur norðan og norðvestan við bygginguna. Innan veggja kjallarans var að finna torfhrun [1145], ruslalög-fyllingu [2412]-[3266] og stórt grjót, bæði hraungrýti og grágrýti [38].

Þetta er það mikið magn af grjóti og torfi að sennilegast er það tilkomið úr veggjum byggingar [5] og mögulega öðrum mannvirkjum á svæðinu. Ruslalögin, [2412] og [3266], sem eru að finna inn á milli steinanna einkennast af samskonar úrgangi og fundust í öskuhaugnum, en í þeim fannst þó töluvert meira magn af gripum, 217 fundanúmer. Gripir eins og glerflöskur, glerbrot, leirker, skeljar, dýrabein, járnplötur, naglar og aðrir járngrípír ýmiskonar. Þar voru einnig járnþottur, straujárn, draglóð, fiskisleggja og brýni.




Mynd 4 Hlaðinn veggur í kjallara.



Mynd 3 Ruslafylling [2412] í kjallara.



Mynd 5 Botninn á ruslafyllingu [3266] í kjallara.



Mynd 6 Stöplaritið sýnir í hvaða jarðlögum gripir fundust.

Út frá innihaldi mannvistar í byggingu [5] er ljóst að hún hefur verið fyllt af úrgangi og ónýtum gripum, ásamt hleðslugrjóti, þegar notkun hennar hefur verið hætt. Engin eiginleg gólfölg fundust neðst í kjallaranum heldur lágu ruslafyllingarnar beint ofan á óhreyfðum malarkenndum jarðvegi. Samsíða og vestan við kjallarann er annar veggur [4388] sem er raskaður af hitaveitulögn [115] og er því aðeins lítill hluti hans greinanlegur á uppgriftarsvæðinu.



Mynd 7 Veggjarfylling [3900] sýnir vel ruslaföllin í veggnum.


Út frá staðsetningu hans og jarðlagasamhengi er hann samtíða kjallaranum og því öllu mannvirki [5].

Erfitt er að greina hlutverk rýmisins því aðeins lítill hluti veggja er sýnilegur.

Mannvirkin tilheyrir húsunum á Hliði á síðari hluta 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Minjarnar tilheyrir þá bænum á Neðra-Hliði samkvæmt korti af Álftanesi um 1870 og svo vestari bæjarhúsin á túnakortinu frá 1917 (sjá neðar í skýrslunni) og gætu því tilheyrt bæjarhúsunum þar á 20. öld.



Mynd 8 Veggjarleifar [4388].



Kort 5 Öskuhaugur [7] og jarðlaganúmer.

Öskuhaugur [7] [1177][923] og [1237]-[2054]

Öskuhaugnum [7] var gefið tvö jarðlaganúmer [1177] (vestari) og [1237] (austari) því að hitaveitu- og raflínuskurður [115] raskaði honum fyrir miðju auk þess voru mældar linsur í honum [923] og [1237] sem voru undir veggjum. Honum var ekki skipt upp frekar en skipulögð sýnataka á beinum við uppgröftinn fór fram með því markmiði að greina þau til ákveðinna tegunda til að varpa ljósi á matarneyslu ábúenda á Hliði og mögulega fiskvinnslu á svæðinu, ásamt nýtingu á öðrum dýrategundum, s.s. fuglum.



Mynd 9 Yfirlitsmynd af öskuhaugnum og hitaveituskurði sem sker hann.

Skráð hafa verið dýrabein undir þrettán fundanúmer í Sarpi úr hinum ýmsum lögum en þau hafa ekki verið greind og bíða því frekari úrvinnslu. Fundanúmer 317 (beinasýni) er úr öskuhaugnum [7]

Mannvistarlög í öskuhaugnum einkennast mest af endurtekinni losun á móösku, skeljum og fiski- og fuglabeinum. Gripir sem fundust í haugnum voru aðallega leirkersbrot og málmgripir ýmiskonar og koma efsta laginu í öskuhaugnum og virðist raskað. Gripirnir benda til þess að haugurinn sé frá seinni tíma búsetu á Hliði, eða frá 19. - 20. öld. Öskuhaugurinn er um 9 x 4.6 m að stærð og um 20 cm að þykkt þar sem hann er þykkastur, en hann heldur áfram í sniði undir bílastæði í norðaustri og einnig til suðurs

Mannvirki [30] er einföld og frekar óregluleg steinaröð sem liggur upp að (meðfram) og undir öskuhaugnum norðaustanmegin ([1237]) en þunnt ruslslag [2054] liggur líka undir steinaröðinni.

Steinaröðin hefur því verið lögð stuttu eftir að losun úrgangs hófst á svæðinu eða henni hefur verið raskað á síðari tímum og hrunið yfir hauginn. Hún heldur áfram í sniði undir bílastæðið til norðausturs, líkt og öskuhaugurinn, og því greinilegt að bæði steinaröðin og öskuhaugurinn hafa náð lengra og verið umfangsmeiri.


Mannvirki [31] samanstendur af stórum, flötum og þungum steinum og myndar steinaröð frá austri til vesturs. Steinaröðinni var raskað af hitaveitu- og rafmagnsskurði [115]. Röðin kom í ljós beint undir torfþekjunni og er yngsta mannvirkið á svæðinu. Mannvirkið liggur í sömu stefnu og kjallarinn og veggir sem tilheyra mannvirki [5]. Þessi vegghleðsla hefur sennilega tilheyrt húsinu sem stóð ofan á kjallaranum.




Mynd 10 Veggjarbrot [30]



Mynd 11 Veggjarbrot [31]



Mynd 12 Stöplaritið sýnir dreifingu gripa í mannvirkjum.



Mynd 13 Stöplaritið sýnir efnisflokka gripa.

Gripir


Alls eru skráðir 365 gripir sem fundust við uppgröftinn, flestir innan fyllinga í kjallara [5]. Gripirnir voru skráðir beint inn í gagnagrunnin Sarp hjá Þjóðminjasafni Íslands auk þess voru teknar ljósmyndir af öllum gripunum. Mikið magn af gripum var í fyllingunum og ekki voru allir gripir teknir til varðveislu, heldur var grísað úr á staðnum. Fundaskráin endurspeglar vel þá gripaflokka sem fundust og einnig hlutfall á milli efnisflokka. Helstu gripaflokkarnir eru leirker, gler og járngríp. Teknar voru ljósmyndir af þeim gripum sem voru grísaðir ef hægt var að greina hvers konar gripir þetta væru.



Mynd 14 Hinir ýmsu gripir t.d. naglar, pottabrot, fötur, járnprot og gjarðir.

Leirker

Við uppgröftinn fannst langmest af leirkerabrotum og voru fundanúmer 206 skráð í Sarp. Fjöldi brota er meiri en aðeins er skráð undir hvert fundanúmer þau brot sem eiga saman. Samsetning á leirkerunum er þannig að flest brotin eru úr hvítleir og gefa þessi brot góða vísbendingu um aldur en þau virðast flest vera frá seinni hluta 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar. Stór hluti af brotunum er af diskum og bollum en þar er líka að finna grýtu, föt, könnur og önnur ílát. Sambærileg leirker hafa fundist í Viðey, Bessastöðum, Nesstofu og Hólum í Hjaltadal og væri hægt að bera þau saman seinna meir af leirkerasérfræðingi.



Mynd 15 Stöplarit sem sýnir efnisflokkun á leirkerum.



Mynd 16 Sýnishorn af leirkerum sem fundust.

Málmur

Í þessum flokki standa gripir úr járni upp úr og þá helst naglar af ýmsum gerðum, önglar og grýta eða pottur úr járni. Einnig mætti nefna straujárni, varahluti úr dráttarvélum, álpotta og ýmiskonar málmþynnur. Í efsta laginu úr öskuhaugnum fundust fíngerðari gripir eins og koparhnappar og myllur, úr skautbúningi, en í allt fundust 19 hnappar eða tölur en tvær eru beini og tvær úr gleri auk þess sem fundust keðjur og smá gripir með skrauti en hlutverk þeirra er óþekkt. Fundanúmer eru 56 skráð í Sarp.



Mynd 18 Sýnishorn af járngripum. Nokkrir önglar og hnífur.

Gler

Glerbrot af ýmsum gerðum fundust en 67 fundanúmer voru skráð. Mest voru þetta brot af flöskum og þá aðallega vínflöskum en eitthvað af brotum er af lyfjaglösum. Töluvert var af gleri úr rúðum. Ýmis glerbrot eru úr glösum, staupum eða öðrum ílátum sem ekki var hægt að greina nánar.

Ein netakúla fannst, netakúlur úr gleri fóru að sjást á Íslandi uppúr 1870 og voru í notkun fram til 1960 en þá tóku plastkúlur við.



Mynd 17 Flöskur, fundanr. 2015-5-261,262,263.



Mynd 20 Netakúla, fundanúmer 2015-5-249.



Mynd 19 Lyfjaglös fundanr. 2015-5-253,252,237,280.



Mynd 21 Draglóð 2015-5-300, sleggjur fundanúmer 2015-5-,206,349,350.

Steinn

Gripir úr steinum voru 21 fundanúmer, helst voru það brýni og fiskisleggjur (litlar og stórar), þakflísar og eitt draglóð. Brýnin og þakflísarnar eru úr flögubergi sem hefur verið flutt inn en sleggjurnar og draglóðið eru úr íslenskum steini. Á draglóðinu er að finna áletrun sem ekki hefur tekist að ráða úr. Áhugavert að þarna fannst líka stór tinnu moli sem er innfluttur, þekkt er að tinna var notuð sem eldsláttartinna á víkingaöld og miðöldum eining notuð síðar meir sem byssutinna til að slá eld þegar hleypt var af.



Mynd 22 Brýni og tinnumoli lengst niðri til hægri.

Lífrænar leifar og dýrabein

Í ruslalögunum var að finna skeljar, skeljahismi og smá viðarleifar. Töluvert var af skeljahismum og öðuskel í jarðlögum, sérstaklega í efsta laginu í öskuhaugnum sem samanstóð af sandi, möl og skeljum. Líklegt þykir að þetta sé úrgangur eftir beitavinnslu en fiskurinn úr skeljunum hefur nýst til beitu á fiskveiðum og skelin hefur verið sótt í grennd líkt og segir frá í Jarðabókinni. Í ruslalögunum voru líka brennd og óbrennd dýrabein og voru heillegustu beinin tekin en mörg þeirra voru mjög morkin og ekki hægt að safna þeim saman. Dýrabeinin hafa ekki verið greind af sérfræðingi en við skráningu var hægt að sjá að þarna voru fiski- og fuglabein, kindakjamar, stórgripabein og tennur.



Mynd 23 Eitt af húsunum á Hlíði í dag ekki er um ræða forn hús heldur byggt í anda torfbæjar. Ljósmynd Ómar Smári Ármannsson.

Ritaðar heimildir um Hlíð og umhverfi

Um Álftanes hefur verið mikið ritað bæði um landslag og nýttar en einnig sögu svæðisins og fólksins sem þar bjó. Þessi kafli fjallar þó að mestu um bæinn Hlíð og ábúendur þar.

Álftaneshreppur hefur verið til frá landnámsöld og náði yfir þau svæði sem nú skiptast í Bessastaðahrepp, Garðabæ og Hafnarfjörð. Árið 1878 bjuggu um 600 manns í Bessastaðahreppi og um 1880 voru íbúarnir orðnir um 670. Upp úr aldamótum fór fólki að fækka en þá fór íbúafjöldi niður í 117 þegar fæst var árið 1941.² Þessa íbúahnignun má að

² Anna Ólafsdóttir Björnsson 1996, bls. 7.

mestu rekja til þess að smábátaveiði leið undir lok við tilkomu togaranna á 20. öld og fólk neyddist til að flytjast búferlum.³ Í dag tilheyrir Álftanes sveitafélaginu Garðabæ.

Láglandi einkennir Álftanesið en hæst er það um 25 metrar á Garðaholti í Garðabæ, en í Bessastaðahreppi stendur Sviðholt hæst, 15 metra yfir sjávarmáli. Tvær tjarnir voru á neginu þar sem nú eru litlar víkur, það er Skógtjörn sem gengur inn í nesið að suðvestanverðu og Lambhúsatjörn að norðaustanverðu. Bessastaðatjörn varð svo til árið 1953 þegar vogurinn var stíflaður við Dugguós. Syðsti hluti Álftaness kallast Hliðstangi en ysti og syðsti hluti hans nefnist Melshöfði. Þar var helsti útróðrastaður á Suðurnesinu í margar aldir.⁴ Á 20. öld fór fram [skipulögð] þurrkun á mýrunum á Álftanesi og breytti það landslaginu til muna, þar sem áður hafði verið mýrlendi voru nú tún og skurðir.⁵



Mynd 24 Á loftmyndinni sést Melshöfði vel í stórfjöru allar minjar eru horfnar.

Í Landnámabók segir að Ásbjörn nokkur Össurason, bróðursonur Ingólfs Arnarsonar, hafi numið land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns og allt Álftanes. Hann hafi síðan búið á Skúlastöðum.⁶ Ekki er vitað hvar Skúlastaðir hafi verið upphaflega en Brynjúlfur Jónsson fer um Gullbringu- og Árnessýslu árið 1902 og veltir fyrir sér þessari staðsetningu landnámsbæjarins. Í því samhengi nefnir hann Skúlatún, hrauni þakinn grasblett uppi undir

³ *Sjósókn* 1945, bls. 22.

⁴ Anna Ólafsdóttir Björnsson 1996, bls. 16-18.

⁵ Anna Ólafsdóttir Björnsson 1996, bls. 18.

⁶ Landnámabók. Íslensk fornrit I, síðari hluti, bls. 395.

Lönguhlið og að þar sjáist til rústa (hann hefur þetta eftir einhverjum í sveitinni en nær ekki að fara sjálfur og rannsaka tóftirnar). Einnig að rústir sjáist á yfirborði í Helgadal, suður frá Helgafelli.⁷ Jafnframt segir hann: „En sennilegt virðist að Skúlatún sé sama sem Skúlastaðir og sé dregið saman úr: Skúlastaðatún; því líklegt er að bletturinn hafi verið nefndur svo, eftir að hraun hafði flotið yfir alla landareignina í kring og því ekki eftir af Skúlastöðum nema túnið eða nokkuð af því.”⁸

Árið 1395 fór jörðin Hlið undir Pál ábóta í Viðey. Strax tveimur árum síðar, 1397, er jörðin sögð í eigu Garðakirkju á Álftanesi sem á ennþá jörðina árið 1477. Árið 1558 verður svo breyting á og umboðsmaður Danakonungs hefur jarðaskipti við kirkjuna og því verður Hlið þá í eigu konungs.⁹

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 er jörðin ennþá konungseign og greint frá því að jarðardýrleiki sé óviss og fóðrar naumlega fjórar kýr. Þar er stunduð torfrista og stunga og fjörugrasatekja. Þar er jafnframt hrognkelsfjara, skelfiskfjara (til beitu) og sölvaðfjara. Heimræði er árið um kring en lending sögð vera slæm, skip ábúanda ganga þó eftir hentugleikum. Ábúandinn er skráður Jón Pétursson lögréttumaður í Kjálarnessþingi en heimilismenn eru skráðir alls sjö á Hliði.¹⁰ Jón á einnig hluta af jörðinni Ási, með konungi og ábúandi þar þarf að greiða landsskuld bæði til Jóns á Hliði og til Bessastaða.¹¹

Ýmsar kvaðir hvíldu á Jóni líkt og öðrum ábúendum á konungsjörðum og breytti þar engu þótt hann hafi verið lögréttumaður. „Hann þarf að leggja til mann til sláttar tvo daga á sumri. Tvo hestburði af hrísi þarf hann að leggja til höfuðbólsins. Þá á hann að útvega mann til veiða í Elliðaánum þrjá daga á sumri og mann á ferðabát Bessastaða, oft margar ferðir á ári, og sjá þeim manni fyrir fæði. Þá þarf ábúandinn í Hliði að leggja mann til fálkaflutninga, svo og hestburð af heyi til að fóðra búpening þann er notaður var í fálkafóður. Um tíma þurfti einnig að leggja mann til starfa á Bessastöðum þegar átti að brugga þar.”¹²

Á jörðinni eru skráðar fjölmargar verbúðir, tómthús og hjáleigur, margar ónafngreindar en eru kenndar við ábúanda sinn sem þar býr hverju sinni: „Búðir á jörðin tvær þar sem heitir Hliðsnes, kallast önnur Gudniarhús, það er tómthús. Húsleiga er x álnir. Hússmaðurinn Hólmfastur Árbjartsson með móður sinni heilsuveikri. ... Guðnýjarhús og Bjarnabúð eru í sama stað, áföst og einn veggur undir báðum. Önnur Biarnabud, öðru nafni Sandbud. Þetta er verbúð alleina, sem ábúandinn á Hliði hefur uppgjört og viðheldur, til þess alleina að hýsa hjer verfólk af inntökuskipum, sem hann ljær þessa búð um vertíð og tekur undirgift af.”¹³ „Stórabud er þurft hús bygt í Hliðsnesi af Johann Klein til verbúðar. ... Eyillsbud var í sama landi bygd eftir Heidemanns leyfi og líðun

⁷ Brynjúlfur Jónsson 1903, bls. 33-34.

⁸ Brynjúlfur Jónsson 1903, bls. 33-34.

⁹ DI. III, 598, DI. IV, 123, DI. XIII, 317

¹⁰ JÁM III, bls. 194

¹¹ JÁM III, bls. 172.

¹² JÁM III, bls. 194 og Steinar J. Lúðvíksson 2015, bls. 56-57 (bein tilvitnun).

¹³ JÁM III, bls. 194-195.

ábúandans á Hliði.”¹⁴ „Hjáleiga önnur ónafngift, kend í hvört sinn við þann sem á býr og nú er kölluð Halfdanarhus.”¹⁵ „Lonshus. Þriðja hjáleiga.”¹⁶ „Melshöfde, verbúðarstaður og grasnyt nokkur, sem heimabóndinn á Hliði brúkar alleinn, þar eru: Tómhús, kallað Kastiansshus. ... Jóns Marteinsonar hus, tómhús í sama stað. ... Jónshus, þriðja tómhús í sama stað.”¹⁷ „Hjáleiga af Hliði kend við þann, sem ábýr í hvört sinni, og nú kölluð Jóns Björnssonar hús.”¹⁸ „Mölshus, meinast vera bygð úr Skógtjarnar landi.”¹⁹

Tómhúsin á Melshöfða hafa líklegast öll orðið sjónum að bráð því nú gengur sjórinn langt yfir höfðann og hefur tekið leifar húsanna með sér á haf út líkt og á svo mörgum stöðum við Íslandsstrendur. Sjávangur hefur lengi brotið af landinu á nesinu og um tún jarðarinnar í Jarðabókinni segir að það sé að brotna af þeim vegna sjávangangs og vatnsbólið bíði einnig hnekki vegna þessa og þurfi margoft að sækja ferskvatn, sumar sem vetur á aðrar jarðir. Selstöð Hliðs var í Norðurhellum (Selgjá) í landi Garðastaða og var ábúandi þar ekki all sáttur með það.²⁰



Mynd 25 Hliðsvarir. Ljósmynd Ómar Smári Ármannsson.

Í *Sjósókn* (1945), endurminningum Erlends Björnssonar frá Breiðabólssstöðum segir Erlendur frá lífi fólksins á Álftanesi um miðja 19. öld og eru lýsingar hans persónulegar og einlægar. Hann fjallar um allt frá hversdagsverkum og vinnu til landhátta og persónulýsinga. Hann nefnir einnig alla bændur, þurrabúðamenn og húsmenn sem bjuggu í Bessastaðahreppi á áttunda áratug 19. aldar. Þar segir m.a. um Hlið á Álftanesi:

¹⁴ JÁM III, bls. 195.

¹⁵ JÁM III, bls. 196.

¹⁶ JÁM III, bls. 197.

¹⁷ JÁM III, bls. 198.


¹⁸ JÁM III, bls. 195.

¹⁹ JÁM III, bls. 199.

²⁰ JÁM III, bls. 195.

„Á **Neðra-Hliði** bjó Ketill Steingrímsson, stórmerkur og skemmtilegur maður. Hann var heilsulíftill og dó ungur. Kona hans var Sigríður Bjarnadóttir, systir Ingibjargar, konu Þorláks í Þórukoti. Ketill hafði alltaf mikla útgerð, þetta tvö og þrjú skip. Hjá **Neðra-Hliði** var Pétursbúð, er var þurrabýli. Á **Efra-Hliði** bjó Kristján Mathiesen, ríkur maður og um leið einn merkasti maður sveitarinnar. Hann hafði útgerð mikla, venjulegast fjögur skip, tvo áttæringa og tvö sexmannaför. Kona hans hét Elísabet og var fyrr ekkja á Hliði og stórrík, og gekk Kristján að eiga hana.“²¹ „Reglusemi og hirðusemi Kristjáns var orðlögð að öllu því, er að búrekstri laut, bæði til sjós og lands. Hann átti jarðir víða, bæði í Borgarfirði og í Árnessýslu. Heimili hans var stórt, einkum á vertíðum, er sjómenn voru margir. Hjá Kristjáni bjó þurrabúðarmaður, er Árni hét. Var hann formaður fyrir Kristján í mörg ár. Á **Gamla-Hliði** voru fjögur þurrabúðarbýli, gerðu þeir bændurnir út í félagi tvö skip.“²²

Það er skiljanlegt að Erlendur lýsi Kristjáni Mathiesen á Efra Hliði sem ríkum manni en hér eru tvær sögur er tengjast honum: Kristján Mathiesen í Hliði gaf peninga til þess að kaupa hálfa jörðina að Bjarnastöðum svo hægt væri að byggja þar skóla, ásamt fleirum er gáfu jarðirnar Móakot og Útmóa. Skólahúsið að Bjarnastöðum var notað fram til ársins 1914.²³



Mynd 26 Þetta draglóð má finna við húsin í dag.

Vorið 1873 kom skútan Dagmar frá Rönne í Danmörku með vörur til verslunar Þorsteins Egilssonar að Eyvindarstöðum. Honum leist svo vel á skútuna og keypti hana, ásamt fleirum, þar með Kristjáni Mathiesen, bónda í Hliði en nýta átti skipið til þorsk-og hákarlaveiða. Um afskipti þeirra félaga var ort:

Jóhannes alla ýsuna sleikir,
Egilsen hirðir steinbítinn,
Þórarinn séra þorskinn steikir,
þá er hann Páll með riklinginn,
keilu og skötu Kristján fær,
en karfann Reykjavíkurbær.²⁴

Lýsingar Erlends á veiðarfærum og búnaði ýmiskonar á 19. öld endurspeglast vel í efnismenningunni sem var að finna við uppgröftinn á Hliði árið 2015: „Róðrar byrjuðu að


²¹ Sjósókn 1945, bls. 33.

²² Sjósókn 1945, bls. 34.

²³ Elín Jóhannsdóttir og Eygló Gísladóttir. 1983.

²⁴ Gils Guðmundsson 1977, bls. 144.

jafnaði á Álftanesi fyrir 14. marz. Venjulega var róíð á nóttum klukkan um fjögur, eins og áður er sagt. Voru nær eingöngu notuð handfæri og lóð stundum. Var það ellefu hundraða lóð á áttæringum, en níu hundruð á sexmannaförum, en skelfiskur var undantekningalaust notaður sem beita á handfærum og á lóð. En eftir miðjan marz voru notuð þorskanet.²⁵ „Eins og áður hefur verið getið, voru öll veiðarfæri, fyrst þegar ég man, unnin úr hampi, bæði færi, lóðir og net. Önglar sem notaðir voru á færum, voru smíðaðir í Reykjavík og Hafnarfirði. Var fögur blýsild á leggnum, og kostuðu þeir fimmtíu aura.“²⁶ „Járnakkeri voru notuð fyrir stjóra frá því er ég man fyrst, en jafnframt notaðir steinstjórar.“²⁷



Kort 6 Túnakort af Hlíð frá 1917 sem sýnir bæjarstæðin Neðra Hlíð, Efra Hlíð og staðsetningu á tóftum Gamla Hlíðs.

Samkvæmt túnakorti frá 1917 er Hlíð tvíbýli og er það sem áður hét Gamla Hlíð, var það skráð sem tóftir einar. Vestari bæjarhúsin ættu þá að vera Neðra Hlíð og á því bæjarstæði fór uppgröfturinn fram. Húsin sem eru austur á kortinu tilheyra þá Efra Hlíð.

²⁵ Sjósókn 1945, bls. 71.

²⁶ Sjósókn 1945, bls. 111.

²⁷ Sjósókn 1945, bls. 112.

Í lokakafla Erlends fjallar hann um þær miklu breytingar sem hafa orðið á Álftanesi: „Útvegsbændurnir, þurrabúðarmennirnir og húsmennirnir í hinum gamla stíl eru horfnir og margt merkilegt með þeim öllum, enda þótt um nýja framfaraöld og betri afkomu manna sé nú að ræða. ... Undanfarandi vertíðir hafa tvö skip flotið úr sveitinni á vetrarvertíð, annað frá Breiðabólstöðum, hitt frá Gesthúsum, en á fyrri tímum munu þau hafa verið frá sjötíu til hundrað, stór og smá, er þau voru flest. Má af því marka hve gamli tíminn, sem á margan hátt var farsæll og skemmtilegur, er liðinn í aldanna skaut og kemur aldrei aftur.“²⁸

Séra Árni Helgason ritar í sóknarlýsingum um Garðaprestkall árið 1842 og þar svarar hann spurningunni um reisulegustu bæina í sókninni. Hann telur þá upp Bessastaði, Eyvindarstaði, Brekku, Sviðholt og Akkrót í Bessastaðasókn, einnig hjáleigu á Hliði sem fékk nafnið Steingrímsstaðir viku fyrir úttektina. Í Garðasókn telur hann enga bæi jafnast á við þessa, nema bæinn Garða. Annars segir hann um alla þessa bæi „að þeir til skiptist upphefjast og niðurlægjast. – Í þessu plátsi er hverki að fá rekavið né raft til bygginga.“²⁹ Áhugavert að þarna nefnir hann ekki bæinn Hlið, heldur hjáleigu á jörðinni sem að hans mati er reisulegra hús.

Þann 30. nóvember árið 1927 brann Hlið til kaldra kola og er greint frá atburðarrásinni í *Morgunblaðinu* daginn eftir þar sem segir að eldurinn hafi farið hratt um og því fór svo að litla timburhúsið brann en það tókst að bjarga skúr og heyi sem í honum var, ásamt hlöðu. Einnig tókst að bjarga lausamunum úr litla húsinu. Heimildamaður blaðsins nafngreinir bóndann er Lárus hét.³⁰ Í fréttinni er ekkert nánar tekið fram um staðsetningu þessa litla íbúðarhúss í Hliði og hljómar eins og þar sé einungis eitt býli og ekki lengur tvö eins og áður samkvæmt túnakorti sem gert var aðeins 10 árum áður.

Það er óhætt að segja að margt hefur verið um manninn í Hliði í gegnum aldirnar enda útgerð mikil á staðnum. Fjölmörg hús af ýmsum toga hafa verið þar á sama tíma en afar lítið hefur verið skrifað um þau.

Niðurstöður

Elstu heimildir um búsetu á Hliði eru frá miðöldum og er því um langa búsetusögu að ræða á staðnum og fjölmörg hús hafa verið á nesinu á mismunandi tímum. Í Jarðabók Árna Magnússonar um jörðina Hlið eru skráð mörg tómthús, þurrabúðir og hjáleigur ásamt útihúsum af ýmsum gerðum. Minjarnar sem komu í ljós við þessa framkvæmdarannsókn á Hliði eru frá seinni tíð og tengjast búsetu þar á 19.- 20. öld.

²⁸ Sjósókn 1945, bls. 176-177.

²⁹ Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson (útg.) 2007, bls. 131.

³⁰ Morgunblaðið 1927, bls. 3.

Uppgröfturinn leiddi í ljós að stutt er niður á óhreyfðan jarðveg á nesinu, eða um 30 cm þar sem grynnt er. Jarðvegsþykkun er því afar lítil enda lítið skjól á nesinu þegar vindasamt er. Engin gjóskulög *in situ* fundust við rannsóknina en gjóska úr Kötlugosi frá árinu 1500 fannst í torfi ofan á öskuhaugnum [1237]. Sá hluti öskuhaugsins sem grafinn var upp nú tilheyrir síðari tíma búsetu á Hliði, eða 19.-20. öld. Hann náði út fyrir framkvæmdasvæðið og var hann því ekki grafinn í heild sinni. Gamlir öskuhaugar geta gefið ýmsar upplýsingar um efnahag, neyslu og lífsviðurværi fólks, sérstaklega ef þeir tilheyra einstökum bæjarstæðum. Til þess þurfa að fara fram nákvæmar greiningar á dýrabeinasafninu og gripasafninu sem varðveittist úr haugnum. Slíkar greiningar voru ekki gerðar fyrir þessa rannsókn en bíða betri tíma.

Margir öskuhaugar voru nýttir sem áburður fyrir tún á 19. öld og þannig fór t.d. fyrir stórum öskuhaugum hjá Görðum á Álftanesi.³¹ Nýjar fornleifakannanir til dæmis á Seltjarnarnesi benda einnig til þess að þar hafi verið borin móaska á túnin sem tilheyrðu Nesi, a.m.k. norðaustan og austan við býlið Móakot.³²

Hluti þeirra mannvirkja og mannvistarlaga sem fundust við uppgröftinn ná út fyrir framkvæmdasvæðið og er því ljóst að fleiri minjar eru á svæðinu sem tengjast þeim en einnig má sjá móta fyrir minjum á yfirborði sunnan og vestan við áætlað framkvæmdasvæði. Það verður að hafa í huga ef áætlað er að fara í frekari framkvæmdir á svæðinu í framtíðinni.

³¹ Birna Lárusdóttir 2011, bls. 31.

³² Guðrún Alda Gísladóttir 2015, bls. 3.

Heimildaskrá

Anna Ólafsdóttir Björnsson. 1996. *Álfaness saga. Bessastaðahreppur – fortíð og sagnir*. Þjóðsaga ehf og Bessastaðahreppur.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók III. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. Kaupmannahöfn.

Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Opna:Reykjavík.

Brynjúlfur Jónsson, 1903. Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1903, 18. Árg., Reykjavík. Bls. 31-52.

Elín Jóhannsdóttir og Eygló Gísladóttir. 1983. Skólahald í Bessastaðahreppi 1880-1910. KHÍ. Óprentaðar ritgerðir.

Gils Guðmundsson. 1977, bls. 144. Skútuöldin I-V. 2. Útg. Aukin. Reykjavík, Örn og Örlygur.

Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson (útgefendur) 2007. *Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags*. Ný útgáfa [2. Útgáfa]. Sögufélag: Reykjavík.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2015. *Fornleifakönnun við Móakot og Safnatröð á Seltjarnarnesi*. Fornleifastofnun Íslands FS573-15281:Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Steinar J. Lúðvíksson. 2015. *Saga Garðabæjar frá landnámi til 2010*. I hefti, Áftaneshreppur hinn forni. Garðabær.

Landnámabók. Íslensk fornrit I, síðari hluti.

1857-1950. *Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenska menn, III-XV*. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

1945. *Sjósókn. Endurminningar Erlends Björnssonar, Breiðabólssstöðum*. Skráðar af Jóni Thorarensen. Ísafoldarprentsmiðja:Reykjavík.

Morgunblaðið. 1927. *Bæjarbruni. Hlið á Álfanesi brennur til kaldra kola*. 278. Tölublað, 01.12.1927. Heimild sótt af timarit.is:

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=101288&pageId=1215366&lang=is&q=Hli%F0%20%E1%20%C1lfanesi

Viðaukar

Kort

Jarðlagaskrá

Flæðirit


Fundaskrá

Ljósmyndaskrá

Kort

Uppmælingar úr Intrasis 2016

Hlið á Álftanesi



- Uppgriftarsvæði
- Könnunarskurður
- Byggingar, leiðir, fyrirhuguð hús og hæðarlínur

**Könnunarskurðir og uppgraftarsvæði
Fornleifarannsókn árið 2015**




Kort nr.
1

Loftmynd: Loftmyndir ehf
Fornleifarannsókn: Antikva ehf

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir
19. ágúst 2016

Hlið á Álftanesi í Garðabæ




Antikva ehf
Uppgröftur 2015

Kort nr.
2

Kort: Ragnheiður Traustadóttir
Dags. 14. september 2016

Jarðlög fasi I



Hlið á Álftanesi

Yfirlitskort af jarðlögum í fasa I



Antikva ehf

Uppgröftur 2015

Kort nr.


3

Kort: Ragnheiður Traustadóttir

Dags. 14. september 2016

Jarðlög og mannvirki [5] í fasa II

- Uppgriftarsvæði
- Hitaveituskurður
- 598_torfveggur
- 1102_torflag
- 1131_torflag
- 1296_fylling í vegg
- 1436_ruslafylling
- 2412_ruslafylling
- 3266_ruslafylling
- 3983_fylling í vegg
- 4210_torfhrun
- 4388_torfveggur
- 4389_torfhrun



Hlið á Álftanesi

Yfirlitskort af jarðlögum, veggjum og mannvirki [5] fasa II



Antikva ehf

Uppgröftur 2015


Kort nr.

4

Kort: Ragnheiður Traustadóttir

Dags. 14. september 2016

Öskuhaugur [7] í fasa III



Hlið á Álftanesi
Öskuhaugur [7]




Antikva ehf
Uppgröftur 2015

Kort nr.
5

Kort: Ragnheiður Traustadóttir
Dags. 14. september 2016

Kjallari



Hlið á Álftanesi
Kjallari

—	Uppgriftarsvæði
 	3900_fylling
 	Hitaveituskurður
 	Náttúrulegt mól og set




Antikva ehf
Uppgröftur 2015

Kort nr.
6

Kort: Ragnheiður Traustadóttir
Dags. 14. september 2016

Flæðirit Hlið á Álftanesi



Jarðlagaskrá

Úr Intrasis gagnagrunni 2016

Jarðlaganúmer Mannvirki Fasi

Jarðlag og túlkun Jarðlagaflokkun

Jörð Sveitarfélag

Safnúmer ÞJMS Rannsóknarnúmer MÍ

Svæði E_hnit N_hnit Hæð

Lengd Breidd Þykkt

Dagur Aðferð Uppgrafið

Skil jarðlaga Ástand Gjóska

Megin litur Litablær Birtustig

Megin samsetning jarð. Önnur samsetning jarð.

Þéttleiki sands Þéttleiki sets og leirs

Þéttleiki mós og torfs Þéttleiki ösku

Innskot einstaka Innskot nokkuð

Innskot mikið

Malarkambur [2373 = 4481 = 4465] Óhreyft Náttúrulegt malarlag sem myndar hálfgerða hæð eða kamb á austurhluta uppgraftarsvæðis. Kamburinn liggur hærra í landslaginu en ruslahaugur [7] ([1237] og [1177]) en haugurinn liggur upp að honum norðan megin. Skorið hefur verið í mölina fyrir mannvirki [5]. Skurðurinn [2351] er skorinn í hæðina og þar hlaðinn upp grjótveggur sem afmarkar veggjahleðslu [35] á kjallaranum í mannvirki [5]. Jarðlagið var ekki fjarlægt enda um náttúrulegan jarðveg að ræða sem nær yfir allan austurhluta uppgraftarsvæðis.



Jarðlaganúmer 100 Mannvirki Fasi

Jarðlag og túlkun Könnunarskurður Jarðlagaflokkun Skurður

Jörð Hlið á Álftanesi Sveitarfélag Garðabæ

Safnúmer ÞJMS ÞJMS-5 Rannsóknarnúmer MÍ 20150297

Svæði A E_hnit N_hnit Hæð

Lengd 13,8 Breidd 0,61 Þykkt

Dagur 18.05.2015 Aðferð Grafa Uppgrafið

Skil jarðlaga Ástand Sólskín Gjóska Nei

Megin litur Litablær Birtustig

Megin samsettning jarð. Önnur samsetning jarð.

Þéttleiki sands Þéttleiki sets og leirs

Þéttleiki mós og torfs Þéttleiki ösku

Innskot einstaka Innskot nokkuð

Innskot mikið

Könnunarskurður [100] sem tekin var á svæði A til að kanna hvort þar væru mannvistarleifar.



Jarðlaganúmer	35	Mannvirki	5	Fasi	Fasi II		
Jarðlag og túlkun	Veggur í kjallara	Jarðlagaflokkun	Hleðsla				
Jörð	Hlið á Álftanesi	Sveitarfélag	Garðabær				
Safnúmer ÞJMS	ÞJMS-5	Rannsóknarnúmer MÍ	20150297				
Svæði	A	E_hnit		N_hnit		Hæð	
Lengd	2,50 m	Breidd	1,90 m	Þykkt	1 m hæð		
Dagur	27.7.2016	Aðferð	Grafa/múrskeið	Uppgrafið	Já		
Skil jarðlaga	Skýr	Ástand	Sólskín/rigning	Gjóska	Nei		
Megin litur		Litablær		Birtustig			
Megin samsettning jarð.		Önnur samsetning jarð.					
Þéttleiki sands		Þéttleiki sets og leirs					
Þéttleiki mós og torfs		Þéttleiki ösku					
Innskot einstaka		Innskot nokkuð					
Innskot mikið							

Veggur-steinhleðslur [35]

Ruslalagið-veggjarfylling [3900] náði að hluta yfir efstu steinaröð í suðurvegg kjallara í mannvirki [5] en einnig að hluta undir steinum í efstu röð. Lagið tekur því dýfu niður, upp við steinahleðslur [35], líkt og aðrar veggjafyllingar sem tilheyra kjallaranum í mannvirki [5]. Þetta bendir til þess að tóftin hafi verið skorin í eða lögð upp við náttúrulegan jarðveg sem er að hluta malarkambur en hinsvegar mjúk ljósbrúnn jarðvegur. Þetta er í samræmi við aðrar veggjafyllingar og staðsetningu þeirra [1296] og [3983].

Sjá líka [3900]



Jarðlaganúmer	923	Mannvirki	7	Fasi	Fasi III		
Jarðlag og túlkun	Ruslag - torf [923]	Jarðlagaflokkun	Ruslag				
Jörð	Hlið á Álftanesi	Sveitarfélag	Garðabær				
Safnúmer ÞJMS	ÞJMS-5	Rannsóknarnúmer MÍ	20150297				
Svæði	A	E_hnit	351724,43	N_hnit	402744,21	Hæð	5,48
Lengd	2,79 m	Breidd	1,1 m	Þykkt	7 cm		
Dagur	4.9.2015	Aðferð	Múrskeið	Uppgrafið	Já		
Skil jarðlaga	Skörp skil	Ástand	Þurrt	Gjóska	Nei		
Megin litur	Brúnn	Litablær	Gráleitt	Birtustig	Milli		
Megin samsetning jarð.	Set	Önnur samsetning jarð.	Smásteinar				
Þéttleiki sands		Þéttleiki sets og leirs	Þéttur				
Þéttleiki mós og torfs		Þéttleiki ösku					
Innskot einstaka		Innskot nokkuð	Aska Brennd bein Kol				
Innskot mikið							

Rusla-mannvistarlag [923]
Jarðlagið er undir steinaröð [31] og er blanda af uppsöfnuðum náttúrulegum jarðvegi (fokmold) og rusli frá öskuhaug, það er hreinna lengst til austurs. Talsvert er af skeljahismi, beinum, ösku, kolum og móösku. Lagið er mögulega samtíða [1049].



Jarðlaganúmer	1237	Mannvirki	7	Fasi	Fasi III
Jarðlag og túlkun	Móaska [1237]-[1177]	Jarðlagaflokkun	Ruslalag		
Jörð	Hlið á Álftanesi	Sveitarfélag	Garðabær		
Safnúmer ÞJMS	ÞJMS-5	Rannsóknarnúmer MÍ	20150297		
Svæði	A	E_hnit	351724,53	N_hnit	402744,94
Lengd	5,73 m	Breidd	4,03 m	Þykkt	
Dagur	9.9.2015	Aðferð	Múrskeið	Uppgrafið	Já
Skil jarðlaga	Skörp skil	Ástand	Rigning Vindur	Gjóska	Nei
Megin litur	Bleikur	Litablær	Brúnnleitt Gráleitt	Birtustig	Milli
Megin samsetning jarð.	Mór/Aska	Önnur samsetning jarð.	Móaska		
Þéttleiki sands		Þéttleiki sets og leirs			
Þéttleiki mós og torfs	Þétt	Þéttleiki ösku			
Innskot einstaka		Innskot nokkuð			
Innskot mikið	Bein,aska				

Öskuhaugur [7] - [1177] - [1237]

Öskuhaugur sem samanstendur af móöskulögum sem skorin eru af hitaveitu/raflínuskurði [115] og mynda þá tvö lög: [1177] og [1237]. Það eru ýmsar gerðir móösku og skeljalög í haugnum en einnig brúnleit lög með mikið af beinum. Þetta eru aðallega fiskibein og lítið um stórgripabein. Eitthvað var einnig af fuglabeinum og mikið af skeljum (aðallega bláskel). Einhverjir gripir fundust í öskuhaugnum en það var aðallega leirkersbrot, naglar og aðrir járngripir. Upp við ruslahauginn til norðurs liggja steinar og liggja þeir aðeins yfir neðstu lögum ruslahaugins. Það var mikið af beinum alveg upp við þessa steinaröð en minna til suðurs. Í. Það sýnir þunnt ruslalag sem liggur undir þeim og um 5-15 cm út frá þeim í norður.ð. Neðsta lagið í öskuhaugnum er jarðlag [2054]. Fundanúmer eru 17 í [1177] og 29 í [1237]



Jarðlaganúmer	1296	Mannvirki	5	Fasi	Fasi II
Jarðlag og túlkun	Fylling í vegg [34]	Jarðlagaflokkun	Ruslag		
Jörð	Hlið á Álftanesi	Sveitarfélag	Garðabær		
Safnúmer ÞJMS	ÞJMS-5	Rannsóknarnúmer MÍ	20150297		
Svæði	A	E_hnit	351728,8	N_hnit	402743,44
Lengd	2,97 m	Breidd	1,01 m	Þykkt	
Dagur	9.9.2015	Aðferð	Múrskeið	Uppgrafið	Já
Skil jarðlaga	Skýr	Ástand	Rigning Vindur	Gjóska	Nei
Megin litur	Brúnn	Litablær	Grænleitt Bleikt	Birtustig	Milli
Megin samsetning jarð.	Mór	Önnur samsetning jarð.	Torf Aska		
Þéttleiki sands		Þéttleiki sets og leirs			
Þéttleiki mós og torfs	Þétt	Þéttleiki ösku			
Innskot einstaka		Innskot nokkuð			
Innskot mikið	Móaska				

1296 Ruslag-veggfylling

Ruslakennd og torfkennd fylling í vegg í húsi [5]. Vestan til er mun meira af móösku en torfkenndara til austurs. Líklega er það bara mjög blandað. Það er ekkert hreint torf í þessari veggjafyllingu og því er líklegt að veggurinn hafi verið fylltur á milli steinaraðanna af ruslalögum og öðru. Undir laginu er frekar einsleitt malarlag sem gæti annaðhvort einnig verið fylling í veggnum eða bara náttúruleg. Mikil náttúruleg mól á svæðinu og því er það líklegt. Þegar steinarnir (ytri) voru fjarlægðir kom í ljós að partur af rusla/móöskulaginu lá undir þeim. Einhver ruslalög hafa því verið til staðar þegar steinarnir hafa verið lagðir en þó er greinilegt að þeim hefur einnig verið hent innan veggsins eftir að steinarnir voru lagðir, því að partur af því var yfir þeim og lá upp að þeim.



Jarðlaganúmer	1436	Mannvirki	5	Fasi	Fasi I
Jarðlag og túlkun	Ruslag fylling [5]	Jarðlagaflokkun	Ruslag		
Jörð	Hlið á Álftanesi	Sveitarfélag	Garðabær		
Safnúmer ÞJMS	ÞJMS-5	Rannsóknarnúmer MÍ	20150297		
Svæði	A	E_hnit	351728,44	N_hnit	402742,49
Lengd	2,58 m	Breidd	0,8 m	Þykkt	8 cm
Dagur	11.9.2015	Aðferð	Múrskeið	Uppgrafið	Já
Skil jarðlaga	Óljós	Ástand	Þurrt	Gjóska	Nei
Megin litur	Brúnn	Litablær	Grænleitt	Birtustig	Milli
Megin samsetning jarð.	Mór	Önnur samsetning jarð.	Sandur Torf		
Þéttleiki sands		Þéttleiki sets og leirs	Flögóttur		
Þéttleiki mós og torfs		Þéttleiki ösku			
